

104. fundur í stjórn Fræðslunets Suðurlands, haldinn 20. mars 2013 í Fjölheimum á Selfossi kl. 16.30. Mætt: Magðalena Jónsdóttir, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Þór Hreinsson og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Ingvar Pétur Guðbjörnsson boðaði forföll og einnig Arna Ír Gunnarsdóttir, varamaður hans. Þá sat fundinn Ásm. Sverrir Pálsson, frkv.stj.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2012

Fr.kv.stj. kynnti. Í rekstrarreikningi kemur fram að tap (35.341) er af rekstri í fyrsta skipti í mörg ár en heildarniðurstaðan rúmar 1370 þúsundir í hagnað þegar vaxtatekjur eru reiknaðar með. Eðlilegar skýringar eru á þessu, miklar framkvæmdir hafa verið á árinu og breytingar á starfseminni. Í heild er reksturinn í góðu horfi.

Efnahagsreikningur sýnir tæplega 13 milljónir í fastafjármuni og rúmlega 65,5 milljónir í veltufjármuni. Niðurstaðan er eignir upp á tæpa 81 milljón, sem er u.þ.b. 12,5 milljóna aukning frá árinu 2011. Skammtímaskuldir um áramót eru rúmar 16 milljónir, sem skýrist að langmestu leyti af kostnaði við flutninga úr lðu í Fjölheima. Handbært fé frá rekstri er rúmar 9,6 milljónir en keyptur var búnaður vegna flutninga um 10,5 milljónir, þannig að handbært fé lækkar um rúmar 837 þúsundir á árinu.

Stjórn samþykkir ársreikninginn eins og hann liggur fyrir, undirritaður af endurskoðanda, og lýsir jafnframt yfir ánægju með niðurstöðuna, sem er góð á miklum umbrotatímum.

2. Ársskýrsla 2012

Fr.kv.stj. kynnti. Stjórn lýsir ánægju með skýrsluna. Hún er bæði ýtarleg og greinargóð og lýsir vel því blómlega starfi sem fram fer á vegum Fræðslunetsins.

3. Rekstraráætlun 2013

Fr.kv.stj. kynnti. Gert er ráð fyrir rúmum 133 milljónum í tekjur, sem er hækkun um 28 milljónir, og tæpum 134 milljónum í gjöld eða tæplega 800 þúsund króna tapi af rekstri, án fjármagnstekna. Nokkur óvissa er vegna styrkja sem sótt hefur verið um en eru ekki fastir í hendi. Á móti kemur að útgjöld lækka á móti ef viðkomandi styrkir fást ekki. Stjórn samþykkir rekstraráætlunina.

4. Starfsáætlun 2013

Framkv.stj. kynnti. Starfsáætluninni hefur verið skilað til ráðuneytisins, skv. samstarfssamningi FnS og ráðuneytisins. Stjórn samþykkir starfsáætlunina fyrir sitt leyti.

5. Sóknaráætlun Suðurlands

Til kynningar. Sunnlendingar hafa skarað fram úr öðrum landshlutum hvað sóknaráætlun varðar. Í sóknaráætlun Suðurlands er gert ráð fyrir þremur metnaðarfullum verkefnum í mennta- og fræðslumálum. Í fyrsta lagi verkefni til eflingar samstarfi um mennta- og fræðastarf á Suðurlandi, í öðru lagi verkefni til uppbyggingar símenntunar á miðsvæðinu (Kirkjubæjarklaustur og ngr.) og í þriðja lagi verkefnið „Menntalestin á Suðurlandi“ sem er verkefni um samstarf um farandkynningu á menntaleiðum, nýsköpun og skapandi greinum um allt Suðurland. Alls er gert ráð fyrir 10 milljónum króna vegna þessara verkefna, sem ríkisvaldið leggur fram í gegnum sóknaráætlun.

6. „Efling menntunar, rannsókna og nýsköpunar á Suðurlandi.“

Ríkisvaldið skildi eftir 15 milljónir á Suðurlandi eftir ríkisstjórnarfund á Hótel Selfossi í janúar sl. Hluti af þessu fé er áætlað til framhaldsfræðslu og háskólastarfsemi í landshlutanum.

7. Flutningur í nýtt húsnæði

Fr.kv.stj. fór yfir stöðu mála í kjölfar flutninga Fræðslunetsins úr lðu í Fjölheima. Mikil ánægja ríkir meðal starfsfólks með þá aðstöðu sem nú er fyrir hendi. Stofnað hefur verið starfsmannafélag Fjölheima. Kostnaður vegna flutninganna er nálægt 25 milljónum, sem er töluvert meira en ráð var

fyrir gert. Ljúka þarf starfsemi í húsinu um miðjan júní nk. vegna áframhaldandi lagfæringa og framkvæmda við húsið, skv. samningi við leigusala. Stjórn lýsir yfir mikilli ánægju með það hvernig til hefur tekist varðandi aðstöðu fyrir starfsmenn og nemendur og telur að kostnaður sé lágur miðað við þá aðstöðu sem Fræðslunetið og Háskólafélagið hafa skapað starfsemi sinni, og annarra, í Fjölheimum.

Fundi slitið kl. 18.40